

*Kristján Guðný Þorláksson*

# ÁRSSKÝRSLA UMSK

## 1975



UNGMENNASAMBAND  
KJALARNESPINGS

Reynir.

### HÉRADSPÍNGID.

Síðasta héraðsþing UMSK var haldið í Félagsheimili Kópavogs 16. nóv. 1974 af HK. Á milli 40 og 50 manns sátu þingið. Aðeins eitt félag sendi ekki fulltrúa, en það var Ýmir Kópavogi.

Þingið einkenndist af fjörugum umræðum og almennri virkni þingfulltrúa, sem voru almennt yngri að árum en oft áður.

### STJÓRN U.M.S.K.

Þær breytingar urðu á stjórninni að Jónas Jóhannesson Umf. Bessastaðahrepps, Þorgeir Ólafsson HK og Benedikt Jónsson Íþróttafél. Gróttu gengu úr stjórn en í stað þeirra komu: Sigríður Magnúsdóttir Umf. Bessastaðahr., Július Arnarsson HK og Margrét Jónsdóttir Íþróttafél. Gróttu.

Stjórnin skipti þannig með sér verkum:

|                               |   |
|-------------------------------|---|
| Óláfur Oddsson formaður       | Félags- og skipulagsmál starfsíþróttir. |
| Páll Aðalsteinsson v.-form.   | Glíma, sund og landgræðsla.             |
| Sveina Sveinbjörnsd.          | gjaldkeri Borðtennis og fjármál.        |
| Þórður Guðmundsson v.-gjaldk. | Frjálsar íþróttir.                      |
| Sigríður Magnúsdóttir ritari. |   |
| Ingvi Guðmundsson v.-ritari   | Knattspyrna.                            |
| Grétar Tryggvason             | formaður bláðanefndar.                  |
| Július Arnarsson              | Blak og Badminton.                      |
| Brynjar Valdimarsson          | Siglingar.                              |
| Margrét Jónsdóttir            | Blaðanefnd.                             |

### VARASTJÓRN.

|                           |                         |
|---------------------------|-------------------------|
| Haraldur Jónsson          | Umf. Dreng              |
| Hulda Finn bogadóttir     | Íþróttafél. Gerplu      |
| Steinar Lúðvíksson        | Umf. Breiðablik         |
| Steingrímur Hildimundars. | Umf. Bessastaðahr.      |
| Stefán Tryggvason         | Umf. Kjalnesinga.       |
| Hafsteinn Pálsson         | Umf. Aftureldingu.      |
| Erlingur Þorsteinsson     | Umf. Stjórnunni.        |
| Magnús Gíslason           | Handknattfél. Kópavogs. |
| Svavar Egilsson           | Siglingafél. Ýmir.      |
| Katrín Magnúsdóttir       | Íþróttafél. Gróttu.     |

Endurskoðendur:

Magnús Á. Bjarnason  
Álfþór Jóhannsson

Varamenn:

Sigurjón Valdimarsson  
Guðjón Hjartarson.

Iþróttadómstóll:

Stefán Agústsson  
Stefán Þórarinsson  
Tómas Lárusson.

Varamenn:

Pórir Hallgrímsson  
Steinar Ólafsson  
Ólafur Guðmundsson.

STJÓRNARFUNDIR.

13 Stjórnarfundir voru haldnir á árinu, þrátt fyrir að Framkvæmdaneftindin héldi nokkuð reglulega fundi. Aðalástæðan fyrir þessum fjölda funda er, að sjálfsögðu þátttaka U.M.S.K. í landsmótinu.

Mikið var rætt um fjárhagsvanda Sambandsins og fjáraflanir.

Mæting stjórnarmanna var þessi:

|                     |    |                      |    |
|---------------------|----|----------------------|----|
| Ólafur Oddsson      | 12 | Páll Aðalsteinsson   | 12 |
| Sveina Sveinbjörnsd | 12 | Ingvi Guðmundsson    | 10 |
| Þórður Guðmundsson  | 8  | Gretar Tryggvason    | 7  |
| Sigriður Magnúsd.   | 11 | Margrét Jónsdóttir   | 2  |
| Július Arnarsson    | 2  | Brynjar Valdimarsson | 6  |

SKRIFSTOFAN.

Skrifstofan var eins og undanfarin ár að Klapparstíg 16. Hún var fram að þeim tíma sem framkv.stj. létt af störfum opin mestan hluta dagsins, frá morgni til kvölds.

Upp kom sú spurning hvort ekki væri ástæða til að flytja skrifstofuna í Kópavog og var í því sambandi leit-að til Tómstundaráðs Kópavogs, hvort það hefði með höndum húsnæði fyrir sambandið.

Þessu var svarað í þá átt að það væri vilji ráðsins að húsa U.M.S.K., en ekki væri það mögulegt að svo stöddu, vegna húsnæðisskorts.

FRAMKVÆMDANEFND.

Nú hefur Framkvæmdanefnd UMSK sem skipuð hefur verið þrem fulltrúum stjórnar, starfað í tvö ár.

Aðal tilgangurinn með stofnun framkvæmdanefndar var að léttu undir með framkvæmdastjóranum, afgreiðsla bréfa, undirbúa stjórnarfundi og afgreiða minniháttar mál fyrir stjórnina. 44 fundir hafa verið haldnir frá byrjun, en á þessu ári voru fundirnir 17 talsins.

I framkvæmdanefndina voru kjörin þau: Sveina Sveinbjörnsdóttir, Páll Aðalsteinsson og Ólafur Oddsson.

FRAMKVÆMDASTJÓRI.

Framkvæmdastjóri UMSK á síðasta ári hefur verið Sólveig Sveina Sveinbjörnsdóttir úr Iþróttafélaginu Gerplu Kópavogi. Starf hennar hefur verið fullt starf. Sveina hætti störfum um mánaðarmótin júlí-ágúst '75.

Frá því Sveina hætti hefur ekki starfað framkvæmdastjóri hjá UMSK. Hins vegar hefur Sveina tekið að sér ýmiss verkefni fyrir stjórnina sem dagað hafa uppi frá því að hún létt af störfum. Hér með er komið á framfæri þökkum til hennar fyrir fórnfust starf í þágu UMSK.

Stjórn UMSK sá sér ekki fært vegna fjárskorts að ráða nýjan framkvæmdastjóra til starfa eftir landsmót, en beindi þess í stað kröftum sínum að öflun tekna fyrir sambandið.

X

FUNDIR.

Það hefur verið árlegur viðburður hjá UMSK að halda fund með formönnum félaga og deilda þeirra. Að þessu sinni var fundurinn haldinn í Félagsheimili Seltjarnarness, 17. febrúar 1975.

Aðal mál fundarins var undirbúningur Landsmóts UMFÍ á Akranesi. Einnig var rætt um félags- og íþróttalega stöðu UMSK og félaganna innan þess. Fundurinn var sémilega fjölmennur, en þó var það að finna göt, sem sum aðildarfélaga UMSK áttu til útfyllingar. Reyndar eru þessi göt yfirleitt frá sömu félögum af hvaða ástæðum sem það nú er.

### STJÓRNARFUNDIR UMSK ÚTI Í FÉLÖGUNUM.

A síðasta þingi var hlutast til um við stjórn UMSK að hún kannaði möguleika á því að einstakir stjórnar-menn heimsæktu félögin og sætu stjórnar-eða aðalfundi þeirra svo og að stjórnin hefði fundi sína í félögunum til skiptis.

Einn slíkur fundur fór fram, en það var hjá Umf. Drengur fíkjós.

Helstu mál þess fundar voru fyrst og fremst Fossá og Félagsgarður. Stjórnin hafði áður sent bréf til félagsins þar sem óskað var eftir viðræðum við stjórn Umf. Drengs um möguleika á rekstri vinnuskóla og/eða ungmennabúða í Félagsgarði. Vegna þess hve vatn til hússins var í slæmu ásigkomulagi og lagfæringar á því kostnaðarsamar var málín frestað en hugmyndinni vel tekið.

A þeim fundi var einnig rætt um möguleika á tínslu kræklings til fjáröflunar fyrir UMSK.

### UNGMENNABÚÐIR UMSK OG AFTURELDINGAR AÐ VARMÁ.

Síðasta þing UMSK hvatti mjög til þess að stjórnin kannaði möguleika á rekstri búðanna að Varmá. Bréfið var sent. Að þessu sinni bauðst okkur inni í Barnaskólanum, þ.e. í viðbótahúsnaði sem komið hafði verið upp ekki fjarri skólabyggingunni. Þetta hús var í tveim einingum svo að auðvelt var að skipta eftir kynjum.

Stjórnin skipaði nefnd til að vinna að ungmenna-búðamálínú. Í henni voru Sigurður Skarphéðinsson, Páll Áðalsteinsson og Ólafur Oddsson. Nefndarmenn voru mjög uppteknir þegar leið að vori, svo að undirbúningur lenti meira en til var ætlast á framkvæmdastjóranum.

Hörður Ingólfsson var ráðinn til að veita ungmenna-búðunum forstöðu og Sveinn Vilhjálmsson til aðstoðar. Ráðskona var

Þátttaka var mjög misjöfn og ekki nógu góð í heildina. Hætta varð fyrr fyrir vikið, en útkoma í heild ekki nógu góð vegna þess að þáttökugjald var of lágt.

Ýmsar hugmyndir voru á lofti varðandi rekstur ung-mennabúða og vinnuskóla í Brastáskógi, Kópaseli, Félags-garði og Fossá. Það ekkir nóg að það sé markmið sem foringinn hefur, heldur verður það að vera markmið félags-mannanna.

FOSSA - UNGMENNABÚÐIR UMSK?

Eins og frá var skýrt í síðustu ársskýrslu hefur UMSK fengið land til ungmannabúðareksturs að Fossá í Kjós. Ekki hefur enn fengist skriflegur samningur fyrir jörðinni, vegna þess að hluthafinn "Skógræktarfélag Kópavogs" eða stjórn þess vildi ekki samþykkja uppkast það er stjórn UMSK lagði fyrir eignaraðila Fossár, þ.e. Skógræktarfélag Kjósarsýslu og Skógræktarfélag Kópavogs.

Okkur hefur verið ætlaður sá hluti jarðarinnar sem austan árinnar er, inn að landamerkjum Fossár og þrándarstaða..

HANDKNATTLERI ÚMSK.

Þrjár fyrstu helgarnar í apríl í vor, fór Handknattleiksmót UMSK fram í Asgarði í Garðahreppi. Kept var í 2. og 3. fl kvenna og 4.A og B, 3., 2., og meistaraflokk karla. Þátttaka var góð og fór mótið hið besta fram. Móttjórar voru: Ingvi Guðmundsson, Þórarinn Sigurðsson og Stefán Tryggvason.

Til stoð að fá dómara frá Dómarafélagi Hafnarfjarðar, en þeir mættu aðeina fyrsta daginn og síðan segir ekki söguna meir. Með fórnfýsi og góðvilja forráðamanna og keppenda sem tóku að sér dómgæslu, tókst þó að ljúka mótinu farsællega. Illdeilur og kærur þekktust ekki og er það breyting til batnaðar.

Ljóst er að mikið starf er unnið í handknattleiksdeilum félaganna. Margir flokkar tóku þátt í hinum ýmsu mótum með góðum árangri. Er sérstaklega ánægjulegt hve yngri flokkar félaganna ná langt og hve vel er staðið að starfsemi þeirra.

Stefán Tryggvas.

## FÉLAGSMÁLAFRÆDSLA.

### TILHÖGUN FÉLAGSMÁLAFRÆDSLUNNAR.

Fyrsta félagsmálanámskeiðið var haldið í Umf. Aftureldingu árið 1970. Það námskeið var haldið af Ungmennafélagi Íslands. Námsefnið sem þar var tekið fyrir var úr Félagsmálaskóla UMFÍ.

Æskulýðsráð ríkisins er seft með lögum árið 1970. Verkefni ráðsins átrú fyrst og fremst að vera útgáfa námsefnis, þjálfun leiðbeinenda og greiðsla kennslukostnaðar við námskeiðshald félaganna. Viðurkenndir leiðbeinendur innan vébanda UMSK eru núna um 10 talsins. 4 þeirra eru viðir sem leiðbeinendur. Frá upphafi hafa verið haldin 25 námskeið með námsefni ÆRR innan UMSK með ca. 350 páttakendum. Það námsefni er talið full ítarlegt fyrir byrjendur og er nú unnið að styttingu þess, sérstaklega með tilliti til parfa skólanna.

Nú hefur ÆRR gefið út framhaldsnámsefni sem nefnt hefur verið "Félagsmálanámskeið II". Aðeins þeir sem tekið hafa pátt í Félagsmálanámskeiði I fá aðgangaað seinni möppunni. Miklu ræður um framhald útgáfu og endurskóðun félagsmálanámsefnisins að félögin haldi áfram að halda námskeið og byggja upp forystusveitir sínar.

Námskeið á sl. ári voru þessi:

|                               |   |             |         |
|-------------------------------|---|-------------|---------|
| Í Gagnfræðaskóla Garðahrepps  | 3 | páttakendur | 24      |
| Í Barnaskóla Garðahrepps      | 1 | -           | 8       |
| Í Umf. Aftureldingu           | 1 | -           | 10      |
| Í Kópavogi (MK og Víghólask.) | 2 | -           | 34 + 12 |
| Í Íþróttafélaginu Gerplu      | 1 | -           | 12      |

Samtals: 8 Samtals: 100

Kennrarar á þessum námskeiðum voru:

Ólafur Oddsson, Sveinn Vilhjálmsson, Evar Harðarson og Margrét Bjarnadóttir.


## Blaðaútgáfa.

Síðasta sambandsþing gerði ályktan þess efnis að reynt skyldi að koma blaðaútgáfunni í fastar skorður. Því boðaði blaðanefnd U.M.S.K. til fundar með blaðafulltrúum félaganna laugardaginn 22. febrúar. Á fundinn sem var heldur illa sóttur mætti Gunnar Steinr Pálsson blaðamaður og leiðbeindi um uppsetningu blaðs. Prátt fyrir að allir fundarmenn virtust hafa mikinn áhuga þá varð reyndin samt sú að á fundin sem haldin var laugardaginn næsta mættu enn færri.

Blaðanefndin hófst fljótlega handa og þann 7. apríl var uppsetningu fyrsta blaðsins lokið og kom það út skömmu síðar. Dreifing blaðsins gekk upp og niður eins og við fyrri blöð.

Að þessu blaði loknu kom lægð í starf blaðanefndar, og fljótlega yfirtók landsmótsundirbúningur alla starfskrafta sambandsins. Eftir hinn stórkostlega árangur keppnisfólks U.M.S.K. á landsmótinu var strax hafinn undirbúningur að næxta blaði. Dráttur var þá á að það yrði fullbúið, enda breyttist blaðið allmikið, og stækkaði í meðfórum þeirra sem að því unnu.

Prátt fyrir að sú von sem sett var fram í fyrra blaðinu um að blaðaútgáfunni yrði komið í fastarskorður og út kæmu 5 blöð yfir árið rætist varlæ, að minsta kosti ekki í bili, er samt full ástæða til bjartsýni. Sigurblaðið var mjög mikið að vöxtum og við vinnslu þess kom í ljós hversu mikla reynslu sambandið hefur í blaðaútgáfu, þrátt fyrir alit.



Siglingar.

Siglingar eru aðeins stundaðar í einu félagi innan sambandsins, en sem komið er, en meðað er Meðlimir í Kópavogi.

Meðlimir félagsins tóku þátt í helgarmótum í keppni á „Eldhnöttum tveggjamanna 16 feta uglibátum. Þá var tekið þátt í keppni á Sjómannadaginn, þar sem við sigruðum og vorum einnig í öðru og briðja sæti.

Tveir meðlimir tóku þátt í landsmóti í siglingu Eldhnatta í Svíþjóð, og fóru þeir með bát með sér út.

Hápuntur keppnis ársins var keppnin á landsmótinu á Akranesi þar sem mættu til keppni 20 bátar. Vakti það mikla athygli og auðvitað voru allir sem sigruðu úr U.M.S.K.

A árinu hefur farið fram nokkuð annað starf s.s. bygging nýrra báta og siglingar meðal annars til Ísafjarðar og náð var í einn bát til Englands og honum siglt heim, sú ferð tók um mánuð.

Frjálsar íþróttir.

Svo sem endra nær var frjálsíþróttastarfíð öflugast hjá Breiðablik, en samt vöktu nokkrir ungar frjálsíþróttamenn frá Aftureldingu athygli.

Reglubundnar æfingar voru eingöngu hjá Breiðabliki, og stjórnaði Karl Stefánsson þeim. Æfingasókn var með ágætum, og menn staðráðnir í að gera okkar hlut, sem stærstan á Landsmóti U.M.F.I.

Árangur íþróttafólksins á mónum vetrarins lofaði góðu. Hin árlegu viðavangshlaup U.M.S.K. fóru fram en heldur þótti þátttaka dræm.

Fyrri hluta sumars einbeitti íþróttafolkjíð sér mest að undirbúningi fyrir landsmótið, en á landsmótinu náðum við hreint frábærum árangri í frjálsum íþróttum sigruðum í fjölmörgum greinum og áttum í baráttu um fyrstu sæti í flestum þeim greinum sem keppt var í, aldrei spurning heldur hve stór hann yrði.

A meistaramóti Íslands og í Bilearkeppni F.R.I. sendum við keppendur og var frammistaða með ágætum svo sem vænta mátti, í bilearkeppninni hlutum við annað sætið en I.R. sigraði.

Til tíðinda má teljast að Héraðsmót U.M.S.K. var haldið að þessu sinni, en það mótt hefur legið niðri síðastliðin tvö ár vegna þess að engin völlur hefur yerið til á Sambandssvæðinu, til að halda slikt mótt á fyrr en nú að hinn nýji og glæsilegi völlur í Kópavogi var tekin í notkun. Þar fór mótið fram í september og var mótið mjög ánægjulegt að mörguleiti.

Mesta athygli vakti góður árangur ungs pílts úr Aftureldingu Jóns ~~Sevarssonar~~<sup>Efti</sup> en hann sigraði í einni grein og varð annar í tveimur.

A héraðsmótinu var keppt um bikar sem Gestur Guðmundsson gaf fyrir flest stig í þremur greinum. Að þessu sinni varð Karl West hlutskarpastur.

~ 9 ~

### Knattspyrna.

Það er hægt að fullyrða með nokkrum rétti, að knattspyrnumálum U.M.S.K. sé bærilega stjórnað innan sambandsfélaganna. Krafimikil starfsemi og þátttaka í móturnum á besta máta.

Héraðsmót var haldið í innanhússknattspyrnu og tóku öll þau félög innan sambandsins sem hafa knattspyrnu á stefnuskrá sinni þátt í því móti.

Fyrir hugað var að halda héraðsmót í knattspyrnu utan-húss og þá sem vormót, æfingamót fyrir íslandsmótið, en vegna þess að aðeins einn knattspyrnuvöllur var tiltækur var því slegið á frest og fyrirhugað að hafa haustmót í staðinn, sem hafist eigi síðar en um miðjan ágúst, en vegna margra auka úrslitaleikja í Íslandsmótinu drógst að hægt væri að hefja keppni með þáttöku allra félaganna það lengi að fallið var frá því að halda utanhuðsmótið að þessu sinni. Þessi ákvörðun var tekin með tilliti til fyrri haustmóta, þau höfðu fæst fengið farsællegan endi - ekki verið lokið.

U.M.S.K. tefldi fram harðvíтуgu liði í úrslitum Landsmótsins á Akranesi, var það skipað að mestu leiti leikmönnum frá U.B.K. en auk þess lék einn leikmaður frá Stjörnunni alla leikina. Það er skoðun mín og margra annara er á horfðu, að þar hefðum við teftit fram besta liðinu, en vegna óheppni varð liðið í örðru sæti.

Þar sem ég læt nú af störfum í stjórn U.M.S.K. vil ég nota tækifærið og beina þakklæti mínu til þeirra sem ég hef haft samskipti við á liðnum árum, sem ráðherra um knattspyrnu, fyrir bærilegt samstarf, þó ýmisr hnökrar hafi þar verið á var allt leist, að minni hyggju, réttlátlega.

Ingvi Guðmundsson.

LANDSMÓTSNEFND.

Landsmótsnefnd UMSK var kosin á síðasta UMSK-þingi. Nefndarmenn voru fjórir: Stefán Tryggvason, Una Ragnarsdóttir, Þórður Guðmundsson og Pálmi Gislason.

Nefndin kom fyrst saman 5. des. 1974 og var þá kjörinn formaður nefndarinnar, Stefán Tryggvason. Að öðru leiti taldi nefndin ekki ástæðu til að skipta með sér verkum, heldur standa sameiginlega að þeim málum er upp kæmu.

Nefndin hélt 24 bókaða fundi. Framkvæmdastjóri UMSK, Sveina Sveinbjörnsdóttir, starfaði með nefndinni allan tímann og sat nær alla fundi. Mætingar allra nefndarmanna voru mjög góðar.

Fyrsta verk nefndarinnar var að senda hvatningarábréf til þeirra er kepptu á síðasta móti og þeirra er líklegir voru til þess að keppa á Akranesmótinu. Síðar var haft samband við einstaklinga og hópa eftir því sem ástæða þótti til.

Mikill áhugi var fyrir því að gera hlut UMSK sem mestan. Í því sambandi var haft samband við siglingaklúbbinn Ymi í Kópavogi um að sýna siglingar og leitað eftir möguleika á þátttöku í fimleikum og þjóðönsum. Þetta tókst allt mjög vel, siglingarnar vöktu verðskuld-aða athygli. Gerpa í Kópavogi sýndi fimleika, voru það glæsilegar sýningar og gáfu ekki eftir sumum þeim erlendu sýningarflokum er hér hafa sýnt. Þjóðansahópur frá Dreng í Kjós sýndi við góðan orðstýr.

Nefndin hélt fundi með ýmsum forystumönnum innan UMSK sem báru hita og þunga hinna einstöku íþróttahópa. Nefndin vann að búningamálum, prjónaðar voru húfur sem fóru vel við búningana og voru notaðar af flestum keppendum UMSK og starfsmönum. Nefndin fór snemma að velta fyrir sér hvernig leysa mætti fjármálahlið UMSK vegna landsmótsins. Hlutavelta var haldin í samvinnu við frjáls-íþróttadeild Breiðabliks og tókst það allvel. Efnt var til happdrættis og voru flestir vinningar málverk. Leitað var til nokkurra listamanna og létu þeir málverk fyrir mjög lítið verð. Var miðunum dreift til félaganna, auk þess sem nefndarmenn unnu mikið að sölunni. Þá seldu börn á leikjanámskeiðum í Kópavogi talsvert af miðum. Útkoma happdrættisins varð því mjög góð og gáfu Sambandinu miklar tekjur.

Undirbúningur undir sjálfa ferðina fór að mestu fram síðustu dagana fyrir mótið. Áætlað var að minnst 300 manns mundu vera í fæði þessa 3 daga og þurfti því að mörgu að hyggja í matarinnkaupum. Stóðust allar áætlunarir, allir fengu nægju sína, og afgangar í algjöru lágmáarki.

Flestir fóru uppeftir með Akraborginni á fimmtru-dagskvöld, en nokkrir komu með einkabilum. Stjórn UMSK hafði keypt stórt tjald af innkaupastofnun ríkisins, sem reist hafði verið áður en aðalhópurinn kom. Þar fór matartilbúningur fram og þar var samkomustaður hóps-ins. Myndarleg tjaldbúð var reist og myndarlegur var hópurinn sem þar bjó. Árangur var í samræmi við það. Hver einstakur gerði sitt besta og eftir marga sigra og mörg svitatar var sigurinn ljós. Langþráður sigur og kærkominn.

Þegar hópurinn lagði af stað heim á sunnudagskvöld voru 3 dýrðardagar að baki, þar sem UMSK hafði ekki aðeins unnið sigur, heldur hafði hópurinn fengið sér-stakt orð fyrir góða framkomu. Engin hegðunarvandamál komu upp, hvorki í tjaldbúðum eða utan, engin óánægju-rödd heyrðist. Skipverjar Akraborgar gátu þess að aldrei hefði verið fluttur skemmtilegri og kurteisari hópur. Það var sungið á sundunum þetta sunnudagskvöld og allir hugsuðu með tilhlökun til næsta landsmóts. Hver og einn fann til þess að hann var hlekkur í þeirri keðju er sameiginlega hafði unnið að því að gera landsmótsferð UMSK svo glæsilega.

#### ÍPRÓTTADÓMSTÖLL UMSK.

Iþróttadómstólli UMSK hafði mikið að gera á s.l. ári. Þau kærumál sem hann fjallaði um, voru sárafá vegna félaga sambandsins. Mest komu kærur vegna Íslandsmótsins í körfuknattleik.

Dómstóllinn varð að taka þessar kærur fyrir, vegna þess að leikir þessir voru leiknir í Iþróttahúsinu á Seltjarnarnesi. Þó svo að UMSK hafi aldrei gefið leyfi fyrir því.

Félögin voru það hress yfir dónum þeim sem upp voru kveðnir, að einu sinni kom frétt á íþróttasíðu eins dagblaðsins, þar sem mátti lesa á milli linanna, "hvers konar dómstóll er nú þetta!" En þessi skrif voru alls ekki réttlát.

#### FJÁRMÁL UMSK.

Fjármál UMSK hafa verið mikið til umræðu á stjórnarfundum UMSK, því að skuldir sambandsins hafa hlaðist upp. Eru skuldirnar nú komnar það hátt að eitthvað raunhæft verður að gera.

A stjórnarfundunum voru uppi margar góðar hugmyndir

s. s: Auglýsingablað, hlutavelta, bingo, búfjáráburðar-sala, svartbakseggjatínsla, kræklingatínsla, grasaferð, berjatínsla, söltaka og happadrætti.

Sumar af þessum hugmyndum voru framkvæmdar en aðrar voru ekki reyndar vegna tímaskorts. Þess fámenna hóps sem nennir að leggja eitthvað af mörkum.

Nú er nyútkomið auglýsingablað sem helgað er sigri okkar á Landsmótinu s.l. sumar. Er áætlað að það munð gefa á milli 5 til 700.000.oo þús. krónur.

Styrkir sveitarfélaganna hækkuðu nokkuð í krónutölu en ekki í hlutfalli við verðbólgu sem hefur verið mikil.

#### STYRKIR:

|                               | '74       | '75       |
|-------------------------------|-----------|-----------|
| Bessaastaðahreppur            | 10.000.-  | 20.000.-  |
| Garðahreppur                  | 30.000.-  | 50.000.-  |
| Kópavogskaupstaður            | 125.000.- | 250.000.- |
| Seltjarnarneskaupstaður       | 50.000.-  | 0.-       |
| Mosfellshreppur               | 100.000.- | 125.000.- |
| Kjalarneshreppur              | 15.000.-  | 20.000.-  |
| Kjósarhreppur                 | 20.000.-  | 40.000.-  |
| Kjósarsýsla                   | 250.000.- | 350.000.- |
| Búnaðarsamband Kjalarnesþings | 15.000.-  | 20.000.-  |

#### SALA SÖNGBÓKAR UMFÍ.

Söngbók UMFÍ var send út til félaganna um síðustu áramót til sölu. Vitað er um 46 seldar bækur á UMSK svæðinu.

#### Happadrætti UMFÍ.

|                     | <i>sent</i> | <i>skild</i> | <i>selt</i> |           |           |
|---------------------|-------------|--------------|-------------|-----------|-----------|
| Umf. Drengur        | 75          | 3823         | 3737        | 7.400.00  | 22400.00  |
| Umf. Kjalnesinga    | 50          | 0            | 50          | 10.000.00 | 4.000.00  |
| Umf. Bessaastaðahr. | 50          | 17           | 33          | 6.600.00  | 2.640.00  |
| Umf. Afturelding    | 200         | 0            | 200         | 40.000.00 | 16.000.00 |
| Grótta              | 100         | 100          | 0           | 0         | 0         |
| Gerpla              | 200         | 109          | 91          | 18.200.00 | 7.280.00  |
| Umf. Stjarnan       |             |              |             |           |           |
| handknattleiksd.    | 100         | 0            | 100         | 20.000.00 | 8.000.00  |
| knattspyrnud.       | 100         | 100          | 0           | 0         | 0         |

Umf. Breiðablik

|                   |             |          |            |                  |                  |
|-------------------|-------------|----------|------------|------------------|------------------|
| skíðadeild        | 50          | 12       | 38         | 7.600.00         | 3.040.00         |
| Körfuknattleiksd. | 50          | 17       | 33         | 6.600.00         | 2.640.00         |
| knattspyrnud.     | 75          | 75       | 0          | 0                | 0                |
| Blakd.            | 100         | 100      | 0          | 0                | 0                |
| Frjálsíþróttadval | <u>1245</u> | <u>0</u> | <u>245</u> | <u>49.000.00</u> | <u>19.600.00</u> |
|                   | 1520        | 651      | 869        | 173.800.00       | 104.280.00       |

REKSTRARREIKNINGUR U.M.S.K. 1/10 '74 - 30/11 '75.Tekjur.

|                            |           |
|----------------------------|-----------|
| <u>1.</u> skattar frá fél. | 46.305.00 |
|----------------------------|-----------|

2. Styrkir.

|  |           |
|--|-----------|
| Kennslustyrkur UMFÍ og 16f. 289.960.00 |           |
| " " til félaga <u>205.156.00</u>       | 84.804.00 |

|                      |            |
|----------------------|------------|
| Sveitafélg og sýsla  | 920.000.00 |
| Getraunir '74 og '75 | 118.422.00 |

3. U.M.S.K. blöð.

|             |                  |
|-------------|------------------|
| Auglýsingar | 87.000.00        |
| Kostnaður   | <u>49.943.00</u> |

37.057.00

4. Ýmsar tekjur.

|                            |                     |
|----------------------------|---------------------|
| Dansleikir                 | 85.125.00           |
| Minnispendingur            | 10.609.00           |
| Happdrætti UMFÍ '74        | 6.200.00            |
| Áburður                    | 3.700.00            |
| Ýmsar tekjur               | 8.346.00            |
| Söngbækur UMFÍ             | 5.200.00            |
| Gr. eldri skuldir frá fél. | 11.952.00           |
| Gjöld umfram tekjur        | <u>952.194.00 -</u> |

---



---



---



---

2.289.908.00

REKSTRARREIKNINGUR U.M.S.K. 1/10 '74 - 30/11 '75.

Göld.

1. Stjórnarkostnaður.

|                       |                   |
|-----------------------|-------------------|
| laun framkvæmdastjóra | 792.134.00        |
| aksturkostnaður       | 239.505.00        |
| sími                  | 40.630.00         |
| húsaleiga             | 15.000.00         |
| pappír                | 65.966.00         |
| Ýmsillegt             | <u>79.896.00</u>  |
|                       | <u>753.737.00</u> |
| Gr. af félögum        | <u>9.612.00</u>   |
|                       | 1.223.519.00      |

2. Mót.

|                |                  |
|----------------|------------------|
| verðlaun       | 23.630.00        |
| húsaleiga      | 94.750.00        |
| ferðakostnaður | 45.615.00        |
| ýmislegt       | <u>32.330.00</u> |
|                | 196.325.00       |
| þátttökugjöld  | <u>50.450.00</u> |
|                | 145.875.00       |

3. Landsmót.

|                  |                  |
|------------------|------------------|
| Fæði             | 210.892.00       |
| búningar         | 542.591.00       |
| húfur            | 129.340.00       |
| happdrætti       | 91.700.00        |
| ferðakostnaður   | 77.070.00        |
| akstur           | 27.000.00        |
| ýmsir            | <u>20.436.00</u> |
|                  | 1.090.029.00     |
| happdrætti       | 470.400.00       |
| búningar         | 314.700.00       |
| húfur            | 16.500.00        |
| landsmótsskattur | 70.700.00        |
| vasasöngbók      | 4.200.00         |
| hlutavelta       | <u>63.700.00</u> |
|                  | 940.200.00       |
|                  | 158.803.00       |

4. Sumarbúðir.

|                        |                   |
|------------------------|-------------------|
| laun                   | 434.000.00        |
| matur                  | 209.965.00        |
| auglysingar            | 35.560.00         |
| ýmsiðlegt              | 1.723.00          |
| gr. skuld v/rekstur 73 | <u>161.270.00</u> |
|                        | 842.518.00        |

gjöld fhr.

|              |                   |
|--------------|-------------------|
| páttækugjöld | 262.000.00        |
| stýrkir      | 141.825.00        |
| aðrar tekjur | <u>30.960.00</u>  |
|              | <u>434.785.00</u> |
|              | 407.733.00        |

5. Ýmislegt.

|                  |                 |
|------------------|-----------------|
| þinggjöld        | 90.000.00       |
| vextir           | 59.252.00       |
| félagsfáni       | 24.800.00       |
| I.B.R.           | 49.250.00       |
| þrastalundur     | 127.181.00      |
| Ýmsir reikningar | <u>3.495.00</u> |

---

---

---

2.289.908.00

---

EFNAHGAREIKNINGUR U.M.S.K. 31/10 '74 til 30/11. '75.

Eigmír.

1. Þéningar.

|                        |               |           |
|------------------------|---------------|-----------|
| Sögusjóður             | 467.70        |           |
| Landsmótssjóðue        | <u>124.90</u> | 592.60    |
| ávísnareikningur 35114 |               | 32.988.60 |
| ávísnareikningur 71005 |               | 1.554.00  |

2. Útistandandi skuldir.

|                            |                  |            |
|----------------------------|------------------|------------|
| Lán til félaga v/bjálfunar | 20.000.00        |            |
| Umf. Afturelding           | <u>15.520.00</u> |            |
| Iþr. Gróttá                | 52.375.00        |            |
| Iþr. Gerpla                | <u>34.190.00</u> | 122.085.00 |

|                       |                   |  |
|-----------------------|-------------------|--|
| Iþróttabúningar       | 238.291.00        |  |
| húfur                 | <u>125.000.00</u> |  |
| U.M.F.Í. v/Vor í dal. | 21.000.00         |  |
| Tjald                 | <u>900.000.00</u> |  |
| Eignir samkv. skrá    | <u>70.501.00</u>  |  |
|                       | 1.512.012.20      |  |
| Skuldir umfram eignir | <u>212.205.80</u> |  |

1.724.218.00

EFNAHAGSREIKNINGUR U.M.S.K. 1/10 '74 til 30/11 '75.

Skuldir..

|                           |              |
|---------------------------|--------------|
| Bankareikningur hlr. 6505 | 282.348.00   |
| þinggjöld                 | 139.999.00   |
| Lán                       | 276.770.00   |
| Innkaupastofnun ríkisins  | 900.000.00   |
| Sveina Sveinbjörnsdóttir  | 479.394.00   |
| Oliufélagið h.f.          | 340.919.00   |
| U.M.F.I.                  | 90.000.00    |
| Sveinn Vilhjálmsson       | 39.000.00    |
| Umf. Kjalnesinga          | 4.900.00     |
| Handknattleiksfél. Kóp.   | 7.833.00     |
| Umf. Stjarnan             | 43.121.00    |
|                           | <hr/>        |
|                           | 2.574.284.00 |

Höfuðstóll:

|                     |                   |
|---------------------|-------------------|
| Gjöld umfram tekjur | 952.194.00        |
| tekjuafgangur 1974  | <u>101.588.00</u> |
|                     | <hr/>             |
|                     | + 850.606.00      |

---

---

1.724.218.00

